



Nefndasvið Alþingis
b.t. fjárlaganefndar
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 4. október 2019

Efni: Athugasemd vegna liðar í fjárlagafrumvarpi 2020 - 04-521 Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi

Samtök iðnaðarins (SI) og Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda (SÍK) vilja koma á framfæri alvarlegum athugasemdum við þá staðreynd að samkvæmt fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2020 er 691,4 milljónum kr. ráðstafað til endurgreiðslna vegna kvikmyndagerðar á Íslandi á næsta ári (fjárlagaliður 04-521 Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi). Ásamt því að um er að ræða niðurskurð á milli ára er einnig um stórvægilegt misræmi að ræða ef tekið er mið af útgefnum vilyrðum um endurgreiðslu. Samkvæmt upplýsingum frá Kvikmyndamiðstöð Íslands (KMÍ), sem heldur utan um endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar, nema áætlaðar endurgreiðslur á næsta ári, byggt á útistandandi vilyrðum í september 2019, samtals 1.650 milljónum kr. Auk þessa áætla KMÍ að endurgreiðslur vegna verkefna sem eru í farvatninu, og bíða afgreiðslu endurgreiðslunefndarinnar, muni nema að minnsta kosti um 500 milljónum kr. Nú þegar stefnir í að endurgreiðslum á um 300 milljónum kr. (vegna ársins 2019), af áður nefndum 1.650 milljónum kr., verði frestað fram á næsta ár. Þau vilyrði munu því koma til lækkunar þess sem er til ráðstöfunar í þau verkefni sem vænta endurgreiðslu á næsta ári. Ósamræmið sem hér um ræðir hlýtur að skýrast af röngum forsendum um áætlaðar endurgreiðslur á árinu 2020.

Að mati SI og SÍK er ljóst að þó heimild sé í lögum til að fresta endurgreiðslu á milli ára þá verður fjármagn til endurgreiðslu uppuríð snemma á næsta ári, verði þessi fjárhæð ekki leiðrétt í fjárlögum, í meðförum fjárlaganefndar. Slíkt mun ekki einungis hafa í för með sér umtalsvert tjón fyrir þá aðila sem hafa fengið þessi vilyrði heldur mun orðspor Íslands sem kjörlandi til kvikmyndaframleiðslu einnig bíða hnekki. Vert er að taka fram að umrætt endurgreiðslukerfi hefur verið við lýði í mörg ár og er tilvist þess forsenda ákvarðanatöku um framleiðslu kvikmynda- og sjónvarpsþátta. Mun þessi staða setja fyrirkomulagið úr skorðum og rekstrarforsendur fyrirtækja í greininni í uppnám.

Rétt er að minna á að hér er ekki um styrki að ræða, í eiginlegum skilningi þess orðs, heldur endurgreiðslu á hluta af þeim kostnaði sem þegar hefur fallið til vegna framleiðslu kvikmyndaverka. Þegar að endurgreiðslu kemur hefur þegar verið greitt inn í ríkissjóð umtalsvert meira en endurgreiðslan nemur, eins og ótal skýrslur hafa sýnt fram á. Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar hafa þannig eingöngu jákvæð áhrif á greiðslujöfnuð ríkissjóðs og eru án áhættu fyrir ríkissjóð því skila þarf endurskoðuðum fullnaðaruppgjörum áður en til endurgreiðslu kemur. Slíkt kerfi er einfalt og gegnsætt og hefur þessi framkvæmd verið talin einn helsti styrkur þessa kerfis af erlendum aðilum sem hafa framleitt kvikmyndir á Íslandi.



Jafnframt er rétt að benda á efnahags- og starfshvata þessa kerfis sem m.a. koma fram í skýrslu sem unnin var í tengslum við framlengingu laga um tímabundnar endurgreiðslur, en þar segir m.a.:

„Í skýrslu Hagfræðistofnunar frá 2006 var áætlaður bæði framleiðslumargfaldari og starfamargfaldari fyrir kvikmyndagerð. Framleiðslumargfaldarinn var áætlaður 2,4 en starfamargfaldarinn 2,9. Margfaldarana má túlka þannig að fyrir hverja krónu sem myndast í kvikmyndagerð myndast 1,4 krónur annars staðar í hagkerfinu vegna tengsla við kvikmyndagerð. Á sambærilegan hátt myndast 1,9 störf annars staðar í hagkerfinu fyrir hvert starf sem myndast í kvikmyndagerð. Nýta má þessa margfaldara til að áætla óbein og afleidd áhrif endurgreiðsluverkefna. Framleiðslumargfaldari greinarinnar er 2,4 og starfahlutfall greinarinnar er 2,9¹.

Ennfremur má nefna að um einn fimmtu þeirra erlendu ferðamanna sem tóku þátt í könnun Ferðamálastofu nefna kvikmyndir og sjónvarpsefni sem uppsprettu hugmynda að Íslandsferð. Greinin hefur þannig mikil og jákvæð áhrif á ferðamannaíðnaðinn. Svona mætti lengi telja.

Kvikmyndaframleiðendur sem fengið hafa viljrði um endurgreiðslu vegna verkefna hafa réttmætar væntingar til þess að þær komi til greiðslu og hafa gert rekstraráætlanir í samræmi við þær væntingar.

Að öllu framansögðu vonast SI og SÍK til þess að sú fjárhæð sem rataði inn í fjárlagafrumvarpið verði leiðrétt í meðförum fjárlaganefndar á frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2020. Verði það ekki gert er ljóst að kvikmyndaíðnaðurinn á Íslandi verður fyrir miklu höggi.

Virðingarfyllst,

Sigríður Mogensen,
sviðsstjóri hugverkasviðs SI

Kristinn Þórðarson,
formaður SÍK

Fylgiskjöl umsagnar:

1. Skýrsla Hagfræðistofnunar um hagræn áhrif kvikmyndagerðar á Íslandi (2015)
2. Úttekt Capacent á kvikmynda- og sjónvarpsgreininni (2016)
3. Umsögn SI og SÍK við áform um breytingar á lögum um tímabundnar endurgreiðslur (dags. 14. ágúst 2019)

¹ Skýrsla iðnaðar- og viðskiptaráðherra um hagræn áhrif kvikmyndagerðar á Íslandi, samkvæmt beiðni (lögð fyrir Alþingi á 145. löggjafarþingi 2015–2016).